

Ár 2003 miðvikudaginn 5. nóvember kom Áhugamennskunefnd GSÍ saman í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru Örn Höskuldsson og Halldór Halldórsson og Hannes Guðmundsson varamaður en Georg H. Tryggvason dvelur í útlöndum og kemst ekki á fund nefndarinnar.

Fyrir var tekin kæra Kjartans Einarssonar vegna brots Gríms Þórissonar á áhugamennskureglum GSÍ.

Málavextir eru þeir að þáttakendur í Bylgjumótum í golfi sem haldin voru sl. sumar fengu tækifæri til þess að slá golfbolta inn í hring af tiltekinni stærð úr tiltekinni fjarlægð. Voru nöfn þeirra sem hittu inn í hringinn sett í pott og var eitt nafn dregið úr potti þessum í lok síðasta mótins.

Var nafn Gríms dregið úr pottinum og var honum afhent bifreið af gerðinni Nissan Primera í vinning.

Er kæra var fram komin var kærða sent bréf og honum gefinn kostur á að koma andmælum sínum á framfæri.

Þau andmæli bárust í bréfi Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns h. 21.10.sl.

Er þess krafist að kröfu kæranda verði hafnað. Rétt er að geta þess hér að kærandi hefur ekki gert neinar kröfur heldur aðeins bent GSÍ á hugsanlegt brot kærða en framkvæmdastjóri GSÍ vakið athygli áhugamennskunefndarinnar á því.

Málsástæður kærða eru þær að hann hafi unnið bifreið í happdrætti. Bifreiðin hafi ekki verið vinningur fyrir golfmót heldur happdrættisvinningur. Vinningurinn hafi ekki verið á neinn hátt tengdur hæfni hans í golfliek. Það hafi verið vitað áður en mótaröðin höfst síðastliðið sumar að þessi vinningur yrði dreginn út að mótaröðinni lokinni. Engar yfirlýsingar hafi verið gefnar út af Golfsambandi Íslands til varúðar fyrir þáttakendur um að áhugamennskuréttindi þeirra væru í húfi ef við vinningnum yrði tekið. Það hefði Golfsamband Íslands átt að gera enda hafi mótaröðin verið haldin með vitund og vilja bess en mótin hafi verið á mótaskrá þess.

Er itrekuð sú krafa að Grímur Þórisson verði ekki sviptur áhugamannsréttindum sínum.

Það er niðurstaða nefndarinnar að með því að veita fyrrgreindri bifreið viðtöku í verðlaun hafi Grímur Þórisson brotið gegn reglu 3-2 í reglum um áhugamannaréttindi en í reglu þessari segir að golfahugamaður megi ekki þiggja verðlaun eða ávisun á verðlaun að smásöluverðmæti umfram þau mörk sem sett eru í reglunni og nema sem næst jafnvirði GBP 300. Ákvæði um vinninga í golfmótum eru í Reglum um Áhugamannaréttindi sem eru samþykktar af The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews og gilda frá 1. janúar 2000. Reglurnar eru prentaðar í regluhandbók sem gefin hefur verið út og dreift til allra kylfinga.

Í reglu 3 eru ákvæði um verðlaun og segir í 3-2 a. að áhugamaður í golfi megi ekki þiggja verðlaun eða ávisun á verðlaun að smásöluverðmæti umfram hin ákveðnu mörk. Þessi mörk gilda um samanlöögð verðlaun eða ávisanir á verðlaun sem áhugamaður í golfi þiggur í einstöku móti eða mótasamfellu, að undanskylđum verðlaunum fyrir holu í höggi.

Í Evrópu GBP 300 eða jafngildi.

Áhugamennskunefnd GSÍ sendi öllum golfklúbbun innan GSÍ bréf um leyfilegt hámark verðlauna í golfkeppnum árið 2003.  
Þar kemur fram að samanlagt verðmæti vinninga megi ekki fara fram úr kr. 45.000,- að verðmæti.

Er ljóst að verðmæti þeirrar bifreiðar sem Grímur fékk i verðlaun er langt yfir þeim mörkum.


Eru reglur þessar alveg afdráttarlausar.

Sú málsástæða sem Grímur hefur uppi að hann hafi unnið bifreið þessa í happdrætti breytir engu um afstöðu nefndarinnar enda er ljóst að aðeins þeir sem voru þáttakendur í fyrrgreindum golfmótum og höfðu beitt golfleikni sinni til þess að hitta ákveðinn hring fengu nöfn sin sett í pott þann sem svo nafn eins var dregið úr til þess að hljóta bifreiðina í vinning.


Er afstaða áhugamennskunefndar R & A í þessu tilfelli alveg skýr og afdráttarlaus hvort sem um er að ræða verðlaun fyrir holu í höggi, lengsta teighögg, högg næst holu eða annað slikt ef golfleikni er skilyrði þess að viðkomandi megi taka þátt í slíku.

Engu breytir í þessu máli hvort GSÍ hafð vitneskju um að þessi háttur yrði hafður á hjá mótsaldara. Eiga kylfingar að þekkja þessar reglur sjálfir og vita að GSÍ getur ekki veitt neina undanþágu frá þeim.


Áhugamennskunefnd GSÍ ákveður því að Grímur Þórisson hafi ekki lengur réttindi sem áhugamaður í golfi.



Halldór Halldórsson



Órn Höskuldsson



Hannes Guðmundsson